

## *Foreldrastarf hjá Íþróttafélaginu Fylki*

**GOTT FORELDRASTARF = GOTT ÍPRÓTTASTARF**



Foreldrar barna í íþróttum skipa veigamiknið hlutverk í starfsemi íþróttafélaga. Þar taka þeir þátt í margvíslegum verkefnum sem tengjast íþróttapátttöku barnanna. Eins og þeir þekkja sem hafa tekið þátt í starfi íþróttafélaga er það mjög gefandi og skemmtilegt. Tilgangur þessa bæklingis er að veita foreldrum innsýn í það mikla og góða starf sem unnið er hjá íþróttafélaginu og einnig til að leiðbeina þeim sem eru þátttakendur í starfinu í dag.

# Foreldrar hjá Fylki eru þátttakendur í fjölbreyttu starfi og má í því sambandi nefna þátttöku í...

*...foreldraráðum iðkendahópa innan félagsins.*

*...í barna og unglingaráði (BUR).*

*...fjáröflunum félagsins og hópa innan þess.*

*...liðstjórn í keppnum.*

*...fararstjórn í keppnisferðum.*

*...skipulagningu á félagslegum atburðum flokka/hópa.*

*...kynningarstarfi félagsins.*

*...að aðstoða við þjálfun einstakra hópa.*

*...stjórnnum og ráðum deilda félagsins.*

*...dómarastörfum.*

*...að taka myndir af starfi félagsins.*

*...að skrifa fyrir heimasíðu félagsins.*

*...framkvæmd leikja og móta á vegum félagsins.*

# Foreldrar eru hvattir til að..

*..kynna sér starfsemi félagsins með því að heimsækja heimasíðu þess og/eða hafa samband við starfsfólk Fylkis.*

*..kynna sér verklagsreglur félagsins.*

*..kynna sér stefnu félagsins.*

*..kynna sér námsskrá deilda félagsins.*

*..sýna stuðning með því mæta á æfingar og mót barnanna.*

*..tala jákvætt um þjálfara og félagið í áheyrn barnanna.*

*.. hvetja liðið í leikjum og keppni en ekki einstaklinga, Áfram Fylkir ! (á við um hópíþróttir)*

*..spyrja barnið eftir æfingar og keppni: Hvernig gekk? En ekki: Hvernig fór?*

*..brýna fyrir börnum sínum mikilvægi þess að borða hollan mat, drekka vatn og fá nægan svefn.*

*..vera dugleg að hrósa iðkendum, dómurum, þjálfurum og hvert öðru fyrir þau störf sem viðkomandi vinnur fyrir félagið.*

*..sýna starfi félagsins virðingu og vera virkir þátttakendur. Börnin vilja það.*

# Foreldrar ættu að forðast..

*...að gagnrýna dómara í keppni. Margir dómara hætta að dæma vegna neikvæðrar gagnrýni.*

*...að tala neikvætt um þjálfara, iðkendur og félagið við aðra foreldra og í áheyrn iðkenda . Allt slíkt tal elur á tortryggni og setur slæman blett á starfið.*

*... að hafa áhyggjur af úrslitum leikja/móta hjá yngstu iðkendunum.*

*...að gagnrýna börn fyrir frammistöðu þeirra. Hvatning hefur mun meiri og jákvæðari áhrif.*

*...að kalla skipanir til iðkanda á æfingum og í keppni. Það er hlutverk þjálfara.*

*...að skipta sér af og hafa áhrif á faglegt starf félagsins eins og þjálfunaraðferðir og val í hópa / keppni.*

*...að yfirfæra íþróttaiðkun barna sinna á sig sjálfan.*

**Hafi foreldrar áhyggjur eða ábendingar um starf félagsins skal hafa samband við þjálfara eða íþróttafulltrúa. Hér er átt við líðan iðkanda, starf þjálfarans, aðstöðu félagsins, stefnu félagsins og allt annað sem tengist starfseminni.**

**Þeir foreldrar sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins eða eru með hugmyndir til að bæta starf þess eru beðnir um að setja sig í samband við íþróttafulltrúa félagsins.**

**Munum að hagsmunir okkar, barna okkar og félagsins fara saman.**

**Vinum saman að því að gera gott félag enn betra,  
ÁFRAM FYLKIR !!**